VSÓ-Ráðgjöf
Sigríður Dr. Jónsdóttir
Borgartúni 20
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 13. september 2016
2016080022/42-8

Minnisblað: Gróðurfarskönnun á haugsetningarsvæði kirkjugarðs við Úlfarsfell

Þann 31.ágúst 2016 gerðu starfsmenn Náttúrufræðistofnunar Íslands, að beiðni VSÓ ráðgjafar ehf. fyrir hönd Reykjavíkurborgar, könnun á gróðurfari á fyrirhuguðu haugsetningarsvæði vegna undirbúnings kirkjugarðs við Úlfarsfell (sjá meðfylgjandi kort). Flatarmál fyrirhugaðs kirkjugarðs verður um 220.000 m² (0,22 km^2) og áætlað er að flutt verði á svæðið um 500.000 m³ af góðri mold víðsvegar af framkvæmdarsvæðum borgarinnar.

Kirkjugarðurinn verður aðliggjandi skógrækt Mosfellinga vestan undir hlíðum Úlfarsfells og norðan við athafnasvæði vöruhúss Bauhaus. Gróðurfar á svæðinu er að hluta nokkuð tætingslegt með misvel grónum lyngmóa, mosagróðri, graslendi og alaskalúpínu. Talsvert er um lítt eða ógróið land, aðallega grýtta mela. Ekkert votlendi er á athugunarsvæðinu.

Á athugunarsvæðinu er talsvert um misvöxtulegar skógarplöntur á stangli sem virðast hafa sáð sér út frá skógræktinni og á stöku stað eru allstórir plantaðir smálundir. Víða á svæðinu er að finna ungar trjáplöntur sem útlit er fyrir að hafi verið gróðursettar á undanförnum árum

Undirritaðir starfsmenn Náttúrufræðistofnunar Íslands, Rannveig Thoroddsen og Guðmundur Guðjónsson, fóru um svæðið í vettvangsskoðun 31. ágúst 2016 til þess að kanna hvort þar væri að finna fágætar háplöntur eða sjaldgæf gróðurfélög. Ekki var talin þörf á að gera nákvæman lista yfir allar plöntur sem vaxa á svæðinu en þó voru skráðar plöntur á afmörkuðum svæðum þar sem fjölbreytni tegunda var mikil. Gróðurfélög voru kortlögð lauslega á vettvangi, miðað við mælikvarða 1: 3000, um leið og litast var um eftir fágætum plöntum. Ekki er gert ráð fyrir að fullteikna gróðurkort að svo stöddu en gögn af vettvangi eru fyrir hendi verði talin þörf á því á seinni stigum. Gengið var eftir fyrirhuguðu vegstæði frá hringtorgi við Bauhaus á sama hátt og farið var um haugstæðið. Fjöldi GPS-staðsettra ljósmynda voru teknar á svæðinu og í næsta nágrenni þess til nota við gerð gróðurkorts síðar og með það í huga að eiga heimild um gróðurfar á svæðinu. Meðfylgjandi minnisblaðinu eru nokkrar ljósmyndir af svæðinu.

Lyngmói er ríkjandi gróðurlendi og er þar nær eingöngu um að ræða beitilyngsmóa, þ.e. gróðurfélagið B4 (*beitilyng – krækilyng – bláberjalyng*) en bláberjalyngmói kemur fyrir í hlíðarrótum Úlfarsfells. Beitilyngsmóinn er misvel gróinn, sums staðar samfelldur með litlum mosa í sverði en annars staðar gisinn með tiltölulega meiri mosa. Mólendið er víða mjög

grasríkt.

Helstu háplöntutegundir í beitilyngsmóanum, fyrir utan ríkjandi lyngtegundir, voru til að mynda grös og aðrar grasleitar tegundir, eins og túnvingull, snarrótarpuntur, bugðupuntur, móasef og þursaskegg. Einnig var töluvert af vallelftingu og holtasóley var áberandi á nokkrum stöðum.

Mosagróður er næstur að útbreiðslu á eftir lyngmóanum og er þar aðallega um að ræða gróðurfélögin A7 (*mosa með þursaskeggi/móasefi og smárunnum*) og A4 (*mosi með smárunnum*). Þekja mosagróðursins er almennt gisnari en mólendisins og hlutfall fylgitegunda í mosaþembunni er mismikil.

Gamburmosar eru ríkjandi í mosagróðri en helstu háplöntutegundir voru sömu lyngtegundir og komu fyrir í lyngmóanum, þ.e. beitilyng, krækilyng og bláberjalyng, auk þess sem móasef og þursaskegg var einkennandi í gróðurfélaginu A7.

Graslendi hefur minni útbreiðslu og kemur fyrir víðsvegar á misstórum blettum. Tveir samfellt grónir valllendisflákar við rætur Úlfarsfell eru þó umtalsverðir að flatarmáli en þar koma fyrir gróðurfélögin H1 (*grös*) og H3 (*grös með smárunnum*). Víða á svæðinu er gisið graslendi þar sem melar eru að gróa upp.

Ríkjandi grastegundir voru fyrst og fremst snarrótarpuntur sem er hávaxin grastegund en einnig var ilmreyr ríkjandi í nokkrum grasblettum. Vallelfting var áberandi í báðum gróðurfélögum. Í gróðurfélaginu H3 voru helstu fylgitegundir beitilyng, bláberjalyng og krækilyng en í H1 uxu lágvaxnar blómjurtir innan um grösin, mest gulmaðra og krossmaðra.

Alaskalúpína er skilgreind sem ágeng plöntutegund af erlendum uppruna sem getur gert gagn við uppgræðslu á örfoka landi. Af henni er talsvert mikið á athugunarsvæðinu og enn meira í næsta nágrenni þess. Mikið er um hraustlegar ungplöntur þannig að greinilegt er að útbreiðsla hennar er í örum vexti.

Lítt- eða ógróið land er nokkuð og er þar aðallega um að ræða óvenju grýtta mela. Gróðurþekja á þeim er almennt minni en 10% en á svæðinu sker hluti þeirra sig úr þar sem meiri rekja er í melnum og eflaust grunnt á jarðveg. Þar vex fjölbreyttur flagagróður með þekju allt upp í 50% á blettum.

Niðurstöður gróðurathugunar á haugsetningarsvæðinu leiddi í ljós að langflestar tegundir háplantna sem fundust þar eru algengar og finnast víða um land. Ekki fundust neinar sjaldgæfar háplöntur, hvorki á landsvísu né á héraðsvísu, eða plöntur á válista. Vert er þó að minnast á þrjár tegundir háplantna sem fundust á svæðinu en það eru blákolla, jarðarber og gullbrá. Tvær fyrrnefndu finnast allvíða um landið en ekki í miklu magni á hverjum stað. Þær fundust í skjólgóðum hvammi í jaðri svæðisins við rætur Úlfarsfells en þær finnast einna helst í skjólgóðum brekkum sem snúa á móti suðri. Gullbrá er tegund sem er víða í útrýmingarhættu í Evrópu og er vernduð samkvæmt Bernarsamningnum sem fjallar m.a. um verndun villtra tegunda. Við undirritun samningsins hér á landi var gerður fyrirvari um gullbrá og nýtur tegundin ekki sérstakrar verndar hér þar sem hún er algeng. Hún finnst sérstaklega upp til heiða en er sjaldgæfari á láglendi. Hana vantar á stórum svæðum á gosbeltinu, m.a. á Reykjanesskaga og því er hún nálægt útbreiðslumörkum sínum á athugunarsvæðinu við Úlfarsfell.

Gróðurfar á svæðinu er lýsandi fyrir gróður á opnum svæðum innan marka höfuðborgarsvæðisins. Ekki fundust nein gróðurfélög á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði sem eru talin hafa hátt verndargildi.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðjónsson

Rannveig Thoroddsen

Meðfylgjandi er kort og ljósmyndir af svæðinu



Staðsetning haugsetningasvæðis og aðkomuvegar vestan við Úlfarsfell. Kort. VSÓ



1. mynd. Horft til austur að Úlfarsfelli við suðurjaðar haugsetningarsvæðisins. Mosaríkur beitilyngsmói í forgrunni. Ljósm. Guðmundur Guðjónsson, 10. ágúst 2016.

2. mynd. Horft frá suðri yfir haugsetningarsvæðið við Úlfarsfell. Ljósm. Guðmundur Guðjónsson, 10. ágúst 2016.

3. mynd. Gróðurfar á haugsetningarsvæði og aðkomuvegi frá athafnasvæði Bauhaus einkennist af misvel grónum mosagróðri, lyngmóa, graslendisblettum, alaskalúpínu og trjálundum. Ljósm. Guðmundur Guðjónsson, 31. ágúst 2016.

4. mynd. Horft til vesturs yfir haugsetningarsvæðið. Ljósm. Guðmundur Guðjónsson, 31. ágúst 2016.



5. mynd. Gróðurfar á svæðinu er að hluta nokkuð tætingslegt með misvel grónum lyngmóa, mosagróðri, graslendi og alaskalúpínu. Ljósm. Guðmundur Guðjónsson, 31. ágúst 2016.

6. mynd. Flagagróður í rökum grýttum mel. Ljósm. Guðmundur Guðjónsson, 31. ágúst 2016.

7. mynd. Smálundir með furu og birki undir hlíðum Úlfarsfells. Ljósm. Guðmundur Guðjónsson, 31. ágúst 2016.

8. mynd. Sjálfsáður silfurreynir að nema land í beitilyngsmóa. Ljósm. Guðmundur Guðjónsson, 31. ágúst 2016.

9. mynd. Birki sem hefur verið plantað í gisinn beitilyngsmóa. Ljósm. Guðmundur Guðjónsson, 10. ágúst 2016.

10. mynd. Fura sem hefur verið plantað í lítt gróinn mel. Ljósm. Guðmundur Guðjónsson, 10. ágúst 2016.

11. mynd. Graslendi þar sem ilmreyr er ríkjandi grastegund en innan um það vex vallelfting og lágvaxnar blómjurtir eins og gulmaðra og krossmaðra. Fjær er furulundur við hlíðarrætur Úlfarsfells. Ljósm. Guðmundur Guðjónsson, 31. ágúst 2016.

12 mynd. Bláberjalyngsmói í hlíðarrótum Úlfarsfells. Ljósm. Guðmundur Guðjónsson, 31. ágúst 2016.

13 mynd. Jarðarber í grasríkum bláberjalyngsmóa í hlíðum Úlfarsfells. Ljósm. Guðmundur Guðjónsson, 31. ágúst 2016.

14 mynd. Blákolla, hrútaberjalyng og krossmaðra í gróskumiklu grasi við rætur Úlfarsfells. Ljósm. Guðmundur Guðjónsson, 31. ágúst 2016.